



Reykjavík, 9. maí 2019  
R19050087  
bp

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga um fjölgun brúarsmiða***

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fjölmeningarráðs þann 30. apríl 2019 var svohljóðandi tillögu fjölmeningarráðs vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að efla og fjölga brúarsmiðum á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem sinna starfi með börnum af erlendum uppruna ásamt því að veita skólum og foreldrum ráðgjöf.

Það tilkynnist hér með.  
Greinargerð fylgir tillögunni.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:  
Tillaga um fjölgun brúarsmiða

SKJALAVER HÖFÐATORGI
10. MAÍ 2019
Málsnr.: SFS 2019-05-0100
Bréfalykill: 4.8

## Tillaga um fjölgun brúarsmiða

Fjölmenningarráð leggur til að efla og fjölga brúarsmiðum á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem sinna starfi með börnum af erlendum uppruna ásamt því að veita skólum og foreldrum ráðgjöf.

### Greinargerð

Á vorönn 2019 voru 2385 fjöltyngd börn í grunnskólum Reykjavíkur sem er tæp 17% nemenda í grunnskólum sem eru tvítyngd. Stærsti hópurinn er pólskumælandi eða 4% nemenda í grunnskólum Reykjavíkur, á þessari stund er einn pólskumælandi brúarsmiður starfandi í 60% stöðugildi sem styður við grunnskóla, leikskóla og frístundastarf. 1,3% barna í grunnskólum Reykjavíkur eru filippseyskumælandi og höfum við einn brúarsmið í 100% starfi en 1,2% barna í grunnskólum Reykjavíkur eru spænskumælandi og 0,7% víetnömskumælandi, næst á eftir koma litháenska, arabíska og tælenska.

Þann 1. október 2018 voru 1282 fjöltyngd börn í borgarreknum leikskólum Reykjavíkur, það er 24% barna í leikskólum Reykjavíkur sem voru tví- eða fjöltyngd. Í þessum 62 leikskólum Reykjavíkur eru 5,8% barna með pólsku að móðurmáli, 1,5% með filippseysku, 1,1% með víetnömsku, 1% með rússnesku, ensku eða litháisku að móðurmáli og 0,9% með spænsku og þar á eftir koma arabíska, tælenska og portúgalska. Inni í þessari heildartölu er einnig fjöldi barna sem eru fædd á Íslandi, svokölluð önnur kynslóð, en einnig börn með annað foreldri erlent, eða börn íslenskra foreldra sem hafa dvalið erlendis.

Brúarsmiður er tvítyngdur stuðningsaðili/kennari sem kemur inn í kennslustofuna. Hann getur unnið sem farkennari milli skóla. Brúarsmiðir sem starfa nú þegar á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar vinna út frá Miðju máls. Vinna þeirra stuðlar að virku tvítyngi nemenda og jafnvel tvítyngdu læsi.

Samkvæmt íslenskum rannsóknum á orðaforða fjöltyngdra nemenda (Sigríður Ólafsdóttir, 2015, 2018) og skv. prófi Milli mála sem var hannað af Elínu Þöll Þórdardóttur, tekst nemendunum ekki að „loka skærunum“ og ná meðaltali íslenskra jafningja, jafnvel á margra ára tímabili. Brúarsmiðir eru með praktísk ráð um hvernig eigi að auka orðaforða nemenda. Foreldrasamstarf er lykilatriði fyrir árangursríka skólagöngu. Þátttaka foreldra í skólastarfi, þekking á skólakerfinu, stuðningur foreldra við skólagöngu barna – allt hefur þetta sterkt forspárgildi fyrir árangur nemenda; skólinn þarf að teygja sig til erlendra foreldra og bjóða þá velkomna. Það getur þó verið erfitt vegna ýmissa þátta, s.s. tungumál, annar menningarheimur og aðrar hugmyndir um menntun, skortur á hagnýttum upplýsingum um foreldrafélög, foreldraráð, skólaráð, nemendaráð, skólaþing og þess háttar. Brúarsmiðir búa yfir upplýsingum um íslenskt skólakerfi sem þeir geta miðlað til erlendra foreldra.

Kennara skortir oft kennslufræðilega þekkingu fyrir kennslu í margbreytilegum hópum, sem og fræðilegan grunn fyrir fjölmennningarlega kennsluhætti en brúarsmiðir hafa þekkingu á þörfum fjöltyngdra nemenda.

Virkt tvítyngi er mikilvægt markmið fyrir fjöltyngda nemendur skv. aðalnámskrá grunnskóla. Aðrar stefnur styðja við þetta markmið:

- o Heimurinn er hér
- o Stefna í málefnum innflytjenda (III.15. Efla skal fjölmennningarlega kennsluhætti innan grunnskóla eins og kveðið er á um í stefnu skóla- og frístundasviðs um fjölmennningarlegt

skóla- og frístundastarf. Auka skal vægi íslensku- og móðurmálskennslu fyrir tvítýngd börn í leik- og grunnskólum og stuðning við foreldra hvað varðar tvítýngi. Tímasetning: 2018-2019  
Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið)

- o Málstefna Reykjavíkur
- o Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016-19
- o Norræna tungumálastefnan
- o Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- o Skýrsla starfshóps um móðurmálskennsla barna með annað móðurmál en íslensku (2015)

Það er komin mikil reynsla hjá núverandi brúarsmiðum sem tilheyra pólsku og filippseysku málsamfélagi. Verkefnið var kynnt við ýmis tækifæri fyrir kennurum og sérfræðingum við jákvæðar undirtektir. Á skólaárinu 2017-2018 voru 561 beiðnir til brúarsmiða og þurftu margar þeirra fleiri en einn fund. Brúarsmiður í pólsku er ekki að komast yfir allar beiðnir sem til hennar koma og hefur því þurft að vísa þeim frá.

Mikilvægt er að kortleggja þetta starf og hlusta á raddir núverandi brúarsmiða um þær þarfir í skólum sem þeir eru að mæta dagsdaglega og þess vegna að fjölga brúarsmiðum til þess að ná til fleiri sem þurfa.



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Aukið stöðugildi brúarsmiða hjá Miðju máls og læsis (MML)*

Brúarsmiðir MML hófu störf í byrjun október 2017. Hlutverk þeirra er að styðja við skóla- og frístundastarf. Það þýðir stuðning við börn, foreldra og starfsfólk allra grunnskóla, leikskóla og frístundastarf borgarinnar. Helstu verkefni þeirra eru:

- Stuðningur við daglegt starf og nám barna sem hafa íslensku sem annað mál.
- Stuðningur við foreldra barna sem hafa íslensku sem annað mál.
- Fræðsla og ráðgjöf til kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.

Í dag eru tvö stöðugildi brúarsmiða hjá MML sem skiptast eftirfarandi.

- 100% stöðugildi filippeyskumælandi brúarsmiðs.
- 60% stöðugildi pólskumælandi brúarsmiður
- 40% stöðugildi arabískumælandi brúarsmiður. Ekki er starfandi arabískur brúarsmiður eins og er. Hugmyndir eru um að ráða í það hlutfall annan pólskumælandi brúarsmið þar sem þörfin er mikil.
- Báðir starfandi brúarsmiðir sinna einnig foreldrum sem tala ensku.

Frá byrjun verkefnisins hafa brúarsmiðir MML sinnt stuðningi við börn á móturmáli þeirra og stuðningi, ráðgjöf og fræðslu fyrir foreldra, kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Það hefur sýnt sig að þeir eru mikilvægir í teymisstarfi Miðju máls og læsis og í allri vinnu skóla- og frístundasviðs varðandi móttöku og kennslu barna með annað móturmál en íslensku. Sérfræðisvið brúarsmiða er einnig mikilvægt í allri millimenningarfræðslu og innleiðingu málstefnu borgarinnar á starfsstaði skóla- og frístundasviðs.

Beiðnir til brúarsmiða hafa frá byrjun verið fjölmargar. Í flestum tilvikum hefur hver beiðni margar snertingar.

Erindi út frá beiðnum voru á tímabilinu frá 1. október 2017 til loka skólaárs 2017-2018 sem hér segir:

Filipseykskumælandi brúarsmiður	274 erindi
Arabískumælandi brúarsmiður til 15. júní 2018	45 erindi
Pólskumælandi brúarsmiður	124 erindi

Samtals: 443 erindi

Erindi út frá beiðnum á skólaárinu 2018-2019 sem hér segir:

Beiðnaskrá brúarsmiða skólaárið 2018-2019	Haust 2018			Vor 2019			Samtals á skólaárinu
	Filipp-eykska	Pólska	Sameiginlegt	Filipp-eykska	Pólska	Sameiginlegt	
Fjöldi verkefna fyrir starfsmenn skóla- og frístundasviðs	64	77	141	44	32	76	217
Fjöldi beiðna fyrir hóp foreldra	11	6	17	7	6	13	30
Fjöldi verkefna fyrir einstaka foreldra	25	28	53	11	17	28	81
Fjöldi beiðna fyrir hóp nemenda	9	5	14	9	1	10	24
Fjöldi verkefna fyrir einstaka nemendur	7	3	10	1	2	3	13
Fjöldi beiðna frá öðrum Starfsstöðvum Reykjavíkurborgar	4	1	5	4	1	5	10
Fjöldi beiðna utan Reykjavíkurborgar / Samstarfsverkefni við SFS	17	8	25	18	3	21	46
<b>Samtals</b>	<b>137</b>	<b>128</b>	<b>265</b>	<b>94</b>	<b>62</b>	<b>156</b>	<b>421</b>

## Aukið stöðugildi brúarsmiða

Verkefnið hefur sannað sig á mjög stuttum tíma og mikilvægt er að halda því Brýn þörf er á að auka við stöðugildi brúarsmiða, með áherslu á að fá inn aukið stöðugildi fyrir pólskumælandi brúarsmið og bæta við hlutastörfum eða verktöku fyrir fleiri tungumál. Þörf er á 100% stöðugildi fyrir pólskumælandi nemendur í grunnskólum

- Brúarsmiðir eru að sinna báðum skólastigum og frístundastarfi og hefur komið í ljós að pólskumálandi brúarsmiður nær ekki að sinna öllum þeim beiðnum sem til hans koma.
- Haustið 2018 voru um 338 börn sem tala pólsku í leikskólum.
- Samkvæmt tölum frá leikskólaskrifstofu fyrir haustið 2018 voru það 1.333 börn í leikskólum sem hafa íslensku sem annað tungumál og tala 74 tungumál.
- Samkvæmt Milli mála prófinu eru það 526 pólsk börn sem fengur kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskólum vorið 2019.
- Samkvæmt tölum úr Milli mála úthlutun vorið 2019 eru 2.374 nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskólum og tala þeir 85 tungumál.

Ætla má að launakostnaður og launatengd gjöld auk aksturs og annars kostnaðar, fyrir einn brúarsmið með háskólamenntun, sé sem hér segir:

Launakostnaður og akstur um 8.850.000 kr.

Annað 450.000 kr.

Samtals 9.300.000 kr.

Annað telst sími, tölva og annað sem væri viðbótarkostnaður vegna starfsmanns. Ekki er gert ráð fyrir húsnæðiskostnaði í þessari tölu en möguleg fjöldun brúarsmiða mun kalla á að flytja þarf Miðju máls og læsis í stærra rými.